



**FRAMKVÆMDASAMKEPPNI UM GERÐ
GÖNGULEIÐAR UM KÁRASTAÐASTÍG**

KEPPNISLÝSING



EFNISYFIRLIT

FRAMKVÆMDASAMKEPPNI UM GERÐ GÖNGULEIÐAR UM KÁRASTAÐASTÍG

KEPPNISLÝSING Janúar 2012

1.1	Inngangur	3	1.12	Tímaáætlun verkkaupa	15
1.2	Þjóðgarðurinn og stefnumörkun um framtíð hans	4	1.13	Þátttökuréttur og tilhögun	16
1.3	Ágrip af sögu Kárastaðastígs	5	1.14	Dómnefnd	16
1.4.	Brú á Öxará	9	1.15	Verðlaun	16
1.5	Nýleg mannvirki á Hakinu	6	1.16	Trúnaðarmaður	16
1.6	Gestakomur	11	1.17	Skil á tillögum	16
1.7	Gjóta í Kárastaðastíg	12	1.18	Merking og afhending tillagna	17
1.8	Umræða í Þingvallanefnd og ákvörðun um samkeppni	13	1.19	Úrslit	17
1.9	Hugmyndaleit Þingvallanefndar 2011	14	1.20	Fullnaðarhönnun og þóknun	17
1.10	Verkefnislýsing	14	1.21	Kynning á netinu	17
1.11	Samkeppnisgögn	15	1.22	Varðveisla keppnistillagna	17
			1.23	Hagnýting keppnistillagna	17



KEPPNISLÝSING

1.1 Inngangur

Þingvallanefnd í samvinnu við Arkitektafélag Íslands efnir til samkeppni um tillögur að gerð og hönnun öruggrar gönguleiðar um Kárastaðastíg á Þingvöllum þar sem djúp gjóta opnaðist í stíginn vorið 2011.

Fyrir miðja 19. öld var rudd leið niður í suðurenda Almannaájar sem kallast Kárastaðastígur. Um 1900 var stígurinn gerður akfær vögnum og eftir að bílar komu til sögunnar var þar bílvegur. Akveginum var lokað að mestu árið 1967 en gönguleið opin um stíginn. Gjótan sem opnaðist í stígnum kom mönnum mjög á óvart, enda er hún allt að 10 m á dýpt og nokkrir tugir metra á lengd.

Þingvallanefnd telur nauðsynlegt að framvegis verði gönguleið um Kárastaðastíg. Margvíslegar hugmyndir hafa verið reifaðar um hvernig stígurinn skuli gerður án þess þó að einhugur hafi skapast um niðurstöðu.

Vonast er til að samkeppnin leiði fram einfalda og snjalla laust á gerð gönguleiðarinnar, sem unnt verður að hrinda í framkvæmd fyrir upphaf aðalferðamannatímans vorið 2012.

1.2 Þjóðgarðurinn og stefnumörkun um framtíð hans

Þjóðgarðurinn á Þingvöllum var stofnaður árið 1930. Þingvellir eru einn fjölsóttasti ferðamannastaður landsins en yfir 300.000 manns heimsækja staðinn árlega.

Árið 2004 samþykkti Þingvallanefnd stefnumörkun fyrir Þjóðgarðinn á Þingvöllum árin 2004-2024 og sama ár voru Þingvellir samþykktir á heimsminjaskrá Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna, en á skránni eru tæplega 800 menningar- og náttúruminjustaðir sem taldir eru hafa einstakt gildi fyrir alla heimsbyggðina.

Í stefnumörkuninni segir m.a. um það svæði sem samkeppnin nær til:

S4: Þinghelgin

Þinghelgin afmarkast af *Almannagjá í vestri, Neðri-Völlum í norðri, Flosagjá í austri og Þingvallavatni í suðri eins og nánar er sýnt á korti 2 í viðauka. Þinghelgin er þannig skilgreind sem vettvangur hins forna Alþingis og þar er þungamiðja þeirrar hliðar þjóðgarðsins sem snýr að menningarsögunni. Innan þinghelgarinnar er mikið af fornminjum í jörðu og sést þar móta fyrir búðum þingmanna frá síðustu öldum Alþingis á Þingvöllum.*

...Í þinghelginni felst sérstaðan annars vegar í sögu og fornminjum og hins vegar í þeim

jarðmyndunum sem mynda umgjörð sögunnar. Ásættanlegar breytingar takmarkast því fyrst og fremst af verndun fornminjanna og af virðingu sem þeim ber að sýna. Jafnframt þarf að viðhalda hinu náttúrulega umhverfi í jarðmyndunum og gróðri, sem sýnilegri umgjörð sögunnar, án þess að athyglin dragist að óskyldum mannvirkjum.

Stefna fyrir þetta svæði er sem hér segir:

Mikilvægt er að umferð um þinghelgina sé bundin við vandaða stíga sem leiða ferðamenn um markverða staði. Við stígana njóti gestir fræðslu, t.d. með skiltum eða öðrum miðlum sem tengja söguna við umhverfið.

...

Umferð bíla um þinghelgina takmarkist við sérstakar þarfir hreyfihamlaðra, þjóðgarðsvörslu og rekstrar nema sérstakir atburðir eða samkomur gefi tilefni til annars.

S5: Hakið

*Á Hakinu er afmarkað svæði sem ætlað er til svipaðra nota og nú er en gert ráð fyrir eðlilegri útvíkkun í samræmi við fjölgun gesta. Á Hakinu er nú fræðslumiðstöð og útsýnispallur. Þaðan liggur leið niður *Almannagjá* og inn í þinghelgina.*

Mörk ásættanlegra breytinga

*Á Hakinu skal vernda hraunmyndanir næst *Almannagjá* fyrir ágangi með þeim litla gróðri sem á þeim þrífst en að öðru leyti gert ráð fyrir mannvirkjum og gatnagerð sem þjónusta við gesti, þ. á. m. hreyfihamlaða, krefst enda sé gætt góðs samræmis við umhverfið. Mannvirki á Hakinu skulu ekki vera áberandi frá þinghelginni.*

Stefna fyrir þetta svæði er sem hér segir:

*Á Hakinu verði aðalhlíð þjóðgarðsins þar sem gestir koma akandi að, fá fræðslu og yfirsýn, halda síðan gangandi niður *Almannagjá* og komast þaðan inn á stígakerfi. Við þetta aðalhlíð býðst gestum að kaupa bækur og minjagrip og njóta veitinga. Mannvirki myndi umgjörð hliðsins með látlausu og vönduðu yfirbragði. Þarna er fyrsti viðkomustaður flestra gesta sem sækja Þingvelli heim og umbúnaður verði í samræmi við það.*

Skipuleggja þarf byggingarreiti, bílastæði og akstursleiðir miðað við nauðsynlegustu framtíðaruppbyggingu og móttöku stórra gestahópa, t.d. í tengslum við hátíðahöld. Til er deiliskipulag fyrir Hakið.

Stefnumörkunina í heild sinni geta keppendur nálgast á heimasíðu þjóðgarðsins: <http://www.thingvellir.is/stefnumotun/>

1.3 Ágrip af sögu Kárastaðastígs

Talið er að á þjóðveldisöld hafi stígur eða gata legið niður Kárastaðastíg um Almannagjá en hann var þröngur og erfiður yfirferðar. Ekki varð farið um stíginn ríðandi á hestum. Hægt var að teyma hesta um stíginn en klyfjar, klyfbera og söðla varð að taka ofan svo hestar kæmst um þrengstu skörðin.¹ Skömmu eftir 1828 var vegurinn bættur þegar Ófeigur Jónsson bóndi og smiður á Heiðarbæ sprengdi björg og gerði Kárastaðstíg „kliffæran“: Þá var hægt að fara um stíginn með kliffahesta.² Heimildir munu vera um að Ófeigur hafi lagt stíginn um Almannagjá með hraunhellum, flórað hann sem kallað var, en einnig er talið að Kristján krummi frá Hrafnhólum hafi flórað Almannagjástíginn.³

Elstu ljósmyndir úr Almannagjá sem varðveist hafa tók Sigfús Eymundsson á áttunda áratug 19. aldar. Þá var stígurinn orðinn kliffær. Á myndinn sjást þrjár konur með skotthúfur standa undir stóru bjargi við mynni gjárinnar. Stígurinn sést greinilega. Steinum hefur verið raðað með báðum jöðrum hans og grjót og mól á milli.



Ljósmynd Sigfúsar Eymundssonar frá því skömmu fyrir 1880.

Frá árinu 1836 er til lítað þrykk eftir August Mayer úr Gaimardleiðangrinum svokallaða. Það er nokkuð stílfært og Kárastaðastígur er sýndur líkastur því sem í honum séu tröppur. Af ljósmynd Sigfúsar þekkist aftur stóra þjargið sem konurnar standa við en jafnframt er augljóst að tröppurnar eru framlag listamannsins.

Þegar árið 1885 hófust vegabætur á Kárastaðastíg á vegum stjórnvalda, en þá var boðið út verk við vegarbætur á sýsluveginum um Kárastaðastíg.¹ Skömmu fyrir aldamótin 1900 var lagður akvegur yfir há-Mosfellsheiði frá Reykjavík til Þingvalla. Verkfræðingur sem mældi fyrir vegarstæðinu ætlaðist til þess að vegurinn lægi að vatninu vestanverðu töluvert sunnar og þaðan meðfram vatnsbakkanum til norðurs. Kárastaðabónda tókst hins vegar að koma því til leiðar með aðstoð Þingvallaprests að landshöfðingi lét breyta þessari ráðagerð og vegurinn í staðinn lagður fyrir neðan túnið á Kárastöðum og um Kárastaðastíg niður Almannagjá. Með þessu móti taldi bóndi meiri líkur á að fjölskylda hans gæti haft tekjur af þjónustu við ferðamenn.

Um þetta segir meðal annars í grein eftir Guðmund Davíðsson, en hann var forvígismaður um stofnun þjóðgarðs á Þingvöllum og fyrsti þjóðgarðsvörðurinn: *Þannig varð hagnaðarvon lítilsiglds kotbónda, af greiðasölu orsök til þess að skemmdar*



Mynd Augusts Mayers frá 1836.

voru ýmsar merkar sögumenjar á Þingvöllum og stórspillt útliti staðarins. Í tilefni af veginum voru hús reist á óheppilegum stöðum innan fornu þinghelgarinnar, gerð spjöll á jarðvegi og fornum búðarleifum, vegir lagðir og troðnir stígar um vellina þvera og endilanga.²

Matthías Þórðarson þjóðminjavörður gagnrýndi vegalagningu um Almannagjá og mótmælti því harðlega að merkar minjar skyldu þannig skemmdar en það dugði þó ekki til að breyta þessum áformum.

Eftir að akvegur hafði verið lagður um Almannagjá og bílaumferð jókst smám saman þurfti vegurinn stöðugra endurbóta við. Mól var ekið í veginn í vaxandi mæli og smám saman breikkaði vegurinn og hækkaði.

Ýmsir málsmetandi menn hafa síðar gagnrýnt þessa framkvæmd og bent á hvers konar spjöll voru með þeim unnin á náttúru staðarins. Þannig sagði Jón Leifs árið 1959:

Upphaf skemmdarverkanna var þegar framið er brotið var skarð niður í Almannagjá og þjóðvegurinn lagður þangað..... Eðlilegast væri þá að fylla upp í skarðið að fullu með fögrum klettum, rífa niður veginn og græða sárin með grasi og mosa. Á löngum tíma gæti þar ef til vill gróið um heilt...³

Í nýlegu blaðaviðtali sagði Freysteinn Jóhannsson:

Eitt af því, sem hefur truflað mig á Þingvöllum, eru þau ótrúlegu spjöll, sem þar



Langistígur á Þingvöllum. Flóraður stígur frá 19. öld



Almannagjá í byrjun 20. aldar.

hafa verið unnin. Fyrir það fyrsta var Kárastaðastígur ruddur og vegur lagður ofan í gjána. Og þegar brú var sett á Öxará, var farvegurinn, sem myndaði Drekkingarhyl, sprengdur niður og fossinn lækkaður um þrjá, fjóra metra. Sagnir eru um, að úr Drekkingarhyl hafi áin runnið í mjög fallegum fossi, þar sem brúin stendur nú og má sjá fosshyllinn undir brúnni austanvert.⁴

Árið 1967 var Kárastaðastíg lokað fyrir bílaumferð, en þá hafði nýr vegur verið lagður að Þingvöllum. Síðan hefur vegurinn um Almannagjá aðeins verið opin bílum við sérstök tækifæri eins og þegar erlendir þjóðhöfðingjar og aðrir fyrirmenn hafa heimsótt Þingvelli. Annars hefur stígurinn verið opinn gangandi vegfarendum og flestir þeir sem koma að fræðslumiðstöðinni á Hakinu leggja leið sína fótknúnrir um Kárastaðastíg.

¹ Uppboðsauglýsing 1884.

² Guðmundur Davíðsson: Vegarkerfið á Þingvöllum, Alþýðublaðið 1940

³ Jón Leifs: Þingvellir í sárum.

Mbl. 15. júní 1959.

⁴ Freysteinn Jóhannesson: Mbl. 3. mars 2002.



Bílalest í Almannagjá, líklega 1944.

1.4. Brú á Öxará

Sú steinsteypa brú sem nú er á Öxará þar sem hún fellur austur úr Almannagjá var byggð fyrir Alþingishátíðina árið 1930¹ og leysti af hólmi veigalittle timburbrú sem þar var reist árið 1897². Steinsteypubrúin var breikkuð fyrir Alþingishátíðina 1944. Samtímis því sem steypubrúin var byggð var sprengt burt haft í farvegi árinna neðan við Drekkingshyl. Þar féll áin áður fram úr hylnum í fallegum fossi. Við þetta breyttist Drekkingshylur, grynnaði mikið og hefur ekki síðan verið svipur hjá sjón auk þess sem fossinn hvarf. Brúin hefur lengi verið þyrnir í augum þeirra sem láta sér annt um Þingvelli og áratugum saman hefur verið rætt um nauðsyn þess að fjarlægja brúna og byggja í hennar stað nýja brú sem hæfði staðnum betur. Þeir sem helst gagnrýndu brúargerðina vildu að farvegurinn yrði lagfærður eftir því sem unnt væri og Drekkingshylur og fossinn endurskapaður.

Í matsskýrslu ICOMOS vegna umsóknar um að Þingvellir yrðu settir á heimsmínjaskrá var gerð athugasemd við brúna og mælt með léttari brú sem félli betur að umhverfinu.³ Þegar Heimsmínjaráðið ákvað að Þingvellir skyldu fá sæti á heimsmínjaskránni hvatti ráðið til þess að brúin yrði endurnýjuð í samræmi við ábendingu ICOMOS.⁴ Þessi skrif urðu til þess að ákveðið var að laga brúnna eða fegra. Árið 2006 fól Þingvallanefnd Manfræð Vilhjálmsyni arkitekt að hanna nýja brú. Ekki kom til þess að



Brúin sem reist var 1897

ráðist yrði í framkvæmdir og liggja til þess margar ástæður, m.a. fjárskortur en einnig urðu deilur um útlit brúarinnar. Engu að síður eru teikningar Manfræðs staðfesting á því að almennt var og er viðurkennt að þörf er á nýrri brú.

¹ Sigrún Helgadóttir 2011. Þingvellir, þjóðgarður og heimsmínjar s. 141.

² Þjóðólfur 17.12.1897

³ Sjá umsögn ICOMOS: http://whc.unesco.org/archive/advisory_body_evaluation/1152.pdf

⁴ Sjá niðurstöðu UNESCO: <http://whc.unesco.org/en/decisions/124>



Núverandi brú



Tillaga frá 2006 að nýrri brú



1.5 Nýleg mannvirki á Hakinu

Árið 1999 gerði teiknistofan Landslag deiliskipulag að Hakinu á Þingvöllum og í kjölfarið efndi Þingvallanefnd til opinnar samkeppni um hönnun byggingar fyrir fræðslumiðstöð þar árið 1999. Tillaga frá arkitektastofunni Gláma-Kím varð hlutskörpust og á grundvelli hennar var fyrsti áfangi byggingarinnar reistur og þar var komið fyrir sýningu um náttúru og sögu Þingvalla. Árið 2010 var reist þar önnur bygging með snyrtingum fyrir ferðamenn, einnig hönnuð af Glámu-Kím.



Árið 2003 var gerður útsýnispallur á Hakinu sem hannaður var af Landslagi og Glámu-Kím. Pallurinn var smíðaður í tveimur áföngum en í upphafi var honum ætlað að verða nokkuð stærri en síðar varð.

1.6 Gestakomur

Ítarlegar rannsóknir á fjölda gesta og uppruna eru ekki fyrir hendi en af þeim rannsóknum sem gerðar hafa verið má álykta eftirfarandi:

- Um tveir af hverjum þremur erlendum ferðamönnum sem heimsækja Ísland að sumarlagi koma við á Þingvöllum en nokkuð lægra hlutfall á öðrum árstímum. Árið 2010 komu um 495 þúsund ferðamenn til landsins en árið 2000 voru þeir 303 þúsund. Það er því óhætt að álykta að um 300 þúsund erlendir gestir hafi komið til Þingvalla á síðasta ári.
- Um 78% erlendra ferðamanna koma í mánuðunum maí til september.
- Árið 2007 voru gestir sem fóru um Almannagjá taldir. Flestir komu þeir í júlí, alls 41.552. Það eru um 1.340 gestir á dag að meðaltali þann mánuð.
- Langflestir þeirra sem koma við á Þingvöllum fara um Þingstaðinn forna. Algengt er að farþegar stigi út við fræðslumiðstöðina á Hakinu og gangi niður Almannagjá en séu síðan sóttir þegar niður er komið.

- Íbúar suðvesturhornsins eru mun líklegri til að heimsækja Þingvelli en íbúar annarra landssvæða.



1.7 Gjóta í Kárastaðastíg

Í lok marsmánaðar 2011 opnaðist gjóta í Kárastaðastíg um Almannagjá.

Þingvallanefnd ákvað að láta kanna aðstæður til hlítar áður en ákvörðun yrði tekin um hvernig við skyldi brugðist. Ákveðið var að hreinsa frá gjótunni og fjarlægja sem mest af þeirri möl sem borin hafði verið í veginn frá því hann var lagður nærri aldamótunum 1900.

Smám saman kom í ljós að gjótan er hluti af samfelldri gjá sem nær meðfram Hakinu öllu og áfram til suðurs. Almannagjá hefur verið lokað fyrir allri umferð frá því í lok ágúst sl. enda er gjáin djúp á köflum og stígurinn hættulegur yfirferðar.

Páll Einarsson jarðeðlisfræðingur var kallaður til þess að meta aðstæður. Telur hann ljóst að þessi gjóta sé hluti af þeim gjám sem mynduðust fyrir ævalöngu. Stórir steinar og björg hafa fallið niður í gjána og lokað henni að mestu leyti. Við vegagerðina á 19. öld hafa menn skorðað steina yfir op hennar og hulið hana með grjóti og mól. Vatnsagi í vorleysingum hefur líklega skolað burt mól og grjóti þannig að losnað hefur um stóran stein og gjótan opnast á ný. Ekki er útilokað að



mati Páls að jarðskjálftar sem skóku suðurland 2000 og 2008 hafi einnig átt hlut að máli.

Í greinargerð Páls segir m.a.: *Niðurfallið býður upp á einstakt tækifæri til að sýna og fræða um fyrirbrigði sem tengjast fráreki jarðskorpuflekanna á Íslandi.*¹

Álit Páls undirstrikar mikilvægi þess að tillit verði tekið til fræðslugildis gjótunnar við hönnun gönguleiðarinnar. Gjótan og næsta nágrenni hennar var mæld og gerður af henni uppdráttur sem er meðal samkeppnisgagna.

¹ Páll Einarsson: Greinargerð um nýtt niðurfall í Almannagjá við Hakið, apríl 2011. Sjá heimasíðu Þjóðgarðsins.



1.8 Umræða í Þingvallanefnd og ákvörðun um samkeppni

Í Þingvallanefnd hafa margvísleg sjónarmið komið fram um hvernig ganga skuli frá gjótunni allt frá því að hafa hana opna og raflýsta undir einhvers konar göngubrú, rimlagólfi eða stálgrind til þess að loka gjótunni með stálplötum og leggja malarlag þar á ofan. Eins hefur komið fram hugmynd um að loka gjótunni að hluta en hafa hana opna að hluta.

Í umræðum hefur eftirfarandi verið hreyft:

- Æskilegt er að ferðamenn geti gengið um Kárastaðastíg og virt fyrir sér gjótuna sem opnaðist.
- Gjótan er ekki merkileg og þess vegna má loka henni aftur og leggja vandað slitlag á Kárastaðastíg.
- Gjótan er áhrifamikill vitnisburður um landmótun og náttúru Þingvalla. Hún er á gönguleið sem helmingur allra ferðamenn fara og saga Kárastaðastígs er efni í áhugaverða frásögn.
- Mikilvægt að gönguleiðin verði þannig úr garði gerð að öryggi ferðamanna sé tryggt.

- Viss hættu er á grjóthruni úr börmum Almannagjár við Kárastaðastíg og æskilegt að halda fólki frá því að ganga þétt við hamraveggina, til dæmis með handriði.
- Handrið og önnur nauðsynleg mannvirki skulu falla að umhverfinu og ekki vera með margvíslegu sniði og útliti.
- Gönguleiðin verði aðgengileg hreyfihömluðu fólki.
- Mannvirki sem þarna verður reist verði eins lítið sýnilegt og kostur er.
- Gera verður ráð fyrir því að í framtíðinni verði öll mól í göngustíg um Almannagjá fjarlægð og rústirnar sem þar eru undir verði kallaðar fram aftur.
- Nægilegt er að hafa göngubrú yfir gjóturnar þar sem þær eru dýpstar en setja mól aftur yfir efsta hlutann næst Hakinu.
- Tengja skal timburgólf og handrið á útsýnispalli á Hakinu við nýja göngubrú niður gjána og yfir nýju gjóturnar. Sama hönnun og sama útlit á útsýnispalli og göngubrú.
- Til að auka á upplifun ferðalanga þarf að koma fyrir lýsingu í gjóturnar og góðum upplýsingaskiltum um flekamótin og landrekið á Íslandi.
- Mikilvægt er að Almannagjá verði ekki lokað aftur á aðalferðamannatímanum og því þarf að ljúka framkvæmdum í maí 2012.
- Ekki er nauðsynlegt að ljúka framkvæmdum fyrir maí 2012. Mikilvægara er að undirbúningur verði sem vandaðastur.
- Mikilvægt er að sem flestum, helst öllum, gefist kostur á að gera tillögu að því hvernig málið skuli leyst. Opin samkeppni er heppilegasta leiðin.
- Viðfangsefnið er lítið og afmarkað. Pallurinn á Hakinu og handrið á honum eiga að gefa tóninn. Fela ber sömu aðilum að hanna göngubraut niður stíginn.

Mörg þessara atriða eru mótsagnarkennd innbyrðis og augljóst að ekki er hægt að verða við þeim öllum. Allt eru þetta þó sjónarmið sem vega þarf og meta og taka afstöðu til í þeirri samkeppni sem hér er kynnt og Þingvallanefnd hefur ákveðið að fara skuli fram.

1.9 Hugmyndaleit Þingvallanefndar 2011

Sumarið 2011 efndi Þingvallanefnd til hugmyndaleitar um hvaðeina sem horft gæti til betri vegar innan Þjóðgarðsins. Rúmlega 100 tillögur bárust og fjórum þeirra voru veittar viðurkenningar og verðlaun. Ein þeirra tillagna sem viðurkenningu fengu fjallaði nokkuð um atriði sem snerta samkeppnina. Þar segir m.a.:

Endurheimt lands og lagfæringar:

- *Kárastaðastígur og Almannagjá færð sem mest til þess horfs sem var áður en vegagerð hófst þar rétt fyrir aldamótin 1900.*
- *Brúin yfir Drekkingarhyl, frá 1911, fjarlægð. Leitast við að lagfæra Drekkingarhyl og Neðrifoss og setja yfir hylinn látlausa brú.¹*

Enda þótt Þingvallanefnd hafi ekki tekið afstöðu til einstakra atriða í þessar tillögu er þátttakendum í samkeppninni bent á að þau viðhorf sem þarna koma fram falla vel að þeim fyrirheitum sem fólgin eru í stefnumörkun nefndarinnar og ábendingum fulltrúa Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna, UNESCO, um framtíð þjóðgarðsins.

1.10 Verkefnislýsing

Viðfangsefni samkeppninnar er gerð göngustígs um Kárastaðastíg á um 50 m löngum kafla sem gjótan spannar, þ.e.a.s. milli malarplans á Hakinu austan við fræðslumiðstöðina og norðurenda gjótunnar. Göngustíginn á bæði að tengja við malarplanið og við útsýnispallinn á Hakinu.

Enda þótt viðfangsefni samkeppninnar sé þessi stutti kafli efst í Kárastaðastíg þá þurfa keppendur að taka afstöðu til stígsins neðan við gjótuna og í botni Almannagjár, þ.e. hvernig æskilegt sé að gönguleiðin verði mótuð. Ef til þess kemur að malarvegur neðar í Kárastaðastíg og Almannagjá verður fjarlægður þá kann það mannvirki sem samkeppnin fjallar um að verða lengt og ná jafnvel yfir Öxará. Einnig kann gönguleið með tröppum um Stuttastíg að tengjast göngustígnum í framtíðinni.

Keppendur þurfa að taka afstöðu til þess hvort og þá að hve miklu leyti gjótan verður sýnileg og jafnframt að hve miklu leyti göngustígurinn verður eftir brú eða brúm yfir gjótuna.

Á fyrri stigum umræðu um hvernig gönguleiðin skuli gerð leitaði Þingvallanefnd

álits á því hver kostnaður yrði ef öll leiðin yrði á göngubrú svipaðrar gerðar og útsýnispallurinn á Hakinu. Tveir óháðir ráðgjafar áætluðu kostnaðinn 12-20 milljónir króna. Fjárveiting til verksins tekur mið af þessu og mikilvægt er að keppendur móti tillögur sínar með þetta í huga.

Miklu máli skiptir að göngustígurinn falli sem best að náttúrufari Þingvalla og að mannvirkið dragi ekki að sér athygli að þarflausu. Keppendur þurfa að skoða þá stíga og önnur mannvirki sem fyrir eru. Elstu manngerðu stígar Þingvalla eru enn sýnilegir, t.d. Langistígur sem er „flóraður“ úr hraunhellum á sama hátt og 19. aldarstígurinn var gerður um Almannagjá. Nýjasti stígurinn er hins vegar útsýnispallurinn á Hakinu, gerður úr timbri og stáli.

Markmið Þingvallanefndar er að velja lausn sem er afturkræf, þ.e. lausn sem veldur ekki varanlegum spjöllum og fellur sem best að náttúru- og menningarminjum staðarins.

1.11 Samkeppnisgögn

Keppnislýsing þessi

Tölvugerður kortagrunnur, með hæðarlínum á lágflugsloftmynd

Deiliskipulag svæðisins

Mælingarteikning af gjótunni og næsta nágrenni

Ljósmyndir af Kárastaðastíg og gjótunni

Ljósmyndir og teikningar af útsýnispalli á Hakinu

Að auki er keppendum bent á eftirfarandi gögn:

Samkeppnisreglur AÍ

Íslenskir hönnunarstaðlar eftir því sem við á

Til frekari fræðslu er einnig bent á heimsíðu Þjóðgarðsins <http://www.thingvellir.is>

og á nýja bók Sigrúnar Helgadóttur:

Þingvellir, Þjóðgarður og heimsmínjar.

Útgefandi Opna. 2011.

Keppnislýsingin verður öllum aðgengileg á tölvutæku formi á vefsíðu Þjóðgarðsins án endurgjalds. Hún verður ekki afhent á prentuðu formi.

Þeir sem ákveða að taka þátt í samkeppninni skulu senda trúnaðarmanni tölvupóst til staðfestingar þátttöku sinni. Trúnaðarmaður sendir þeim staðfestingu á móttöku tölvupóstsins ásamt tengli á heimsíðuna og lykilorði sem veitir þátttakanda aðgang að öllum samkeppnisgögnum á heimasíðu Þjóðgarðsins.

1.12 Tímaáætlun verkkaupa

Mikilvægt er að við gönguleiðin um Kárastaðastíg verði opnuð aftur eins fljótt og auðið er enda er hér um að ræða einn fjölsóttasta ferðamannastað landsins og heimsókn á Þingvelli er hluti af löngu mótaðri dagskrá fjölmargra ferðaskrifstofa. Tímaáætlun miðast við að framkvæmdum við gerð gönguleiðarinnar ljúki í maí 2012.

6. janúar 2012	Auglýsing og afhending keppnisgagna
18. janúar 2012	Frestur til að skila inn fyrirspurnum
20. janúar 2012	Dómnefnd svarar fyrirspurnum
1. febrúar 2012	Tillögum skilað
6. febrúar 2012	Niðurstöður dómnefndar kynntar
10. febrúar 2012	Samningur um fullnaðarhönnun liggur fyrir
1. mars 2012	Fullnaðarhönnun mannvirkis lýkur og útboðsgögn
5. mars 2012	Verkið boðið út
1. maí 2012	Verklok, gönguleiðin opnuð.

1.13 Þátttökuréttur og tilhögun

Um er að ræða opna samkeppni þar sem keppendur gera tillögu að heildarlausn viðfangsefnisins og tillögur að helstu atriðum tæknilegra lausna. Öllum er heimil þátttaka en að hverri tillögu þarf að standa a.m.k. einn aðili sem hefur réttindi til að leggja aðaluppdrætti fyrir byggingarnefnd. Þó er þátttaka óheimil þeim sem reka teiknistofu með dómurum, ritara, trúnaðarmanni og ráðgjöfum samkeppninnar, vinna að verkefnum með dómurum eða eru þeim nátengdir.

1.14 Dómnefnd

Dómnefndina skipa Ólafur Örn Haraldsson þjóðgarðsvörður sem er formaður nefndarinnar og Birna Lárusdóttir fornleifafræðingur sem tilnefnd eru af verkkaupa og Borghildur Sturludóttir arkitekt sem tilnefnd er af Arkitektafélagi Íslands.

Ráðgjafar dómnefndar eru Hjörleifur Stefánsson arkitekt og Hjalti Sigmundsson tæknifræðingur.

1.15 Verðlaun

Veitt verða þrenn verðlaun fyrir bestu tillögurnar.

1. verðlaun 400.000- kr.

2. verðlaun 250.000- kr.

3. verðlaun 150.000- kr.

-auk virðisaukaskatts sem bætist ofan á verðlaunféð.

1.16 Trúnaðarmaður

Trúnaðarmaður tilnefndur af Arkitektafélagi Íslands er Haraldur Helgason, arkitekt FAÍ,

Hvassaleiti 74, 103 Reykjavík.

Sími 568 2707, farsími 897 6874, netfang harh@simnet.is

Öllum fyrirspurnum og athugasemdum skal beint til trúnaðarmanns.

1.17 Skil á tillögum

Gögn sem þátttakendur skulu skila eru þessi:

- Stutt greinargerð um tillöguna þar sem fram koma forsendur og efnisval.
- Yfirlitsmynd, grunnmynd þar sem fram kemur lega gönguleiðarinnar og tengingar
- Sneiðingar, hliðarmyndir og útlit eftir því sem við á.
- Teikningar sem sýna hugmyndir um einstaka þætti, tæknilausnir o.s.frv.
- Greinargóðar fjarviddarmyndir eftir því sem við á.

Miðað er við að hver keppandi skili að hámarki þremur blöðum í stærðinni A3. Blöðin skulu vera á láréttu formi (landscape) og efni hvefrrar tillögu skipulagt þannig á blöðunum að þau raðist hvert niður af öðru. Gögnum skal einnig skila á PDF-formi á geisladiski. Keppendur skulu skila tillögum sínum í fimm eintökum, þar af einu sem límt er á hörð spjöld eða frauðpappa.

1.18 Merking og afhending tillagna

- Auðkenna skal tillögublöð með fimm stafa tölu í reit 2x5 cm í hægra horni að neðan.
- Ógegnsætt umslag, merkt sömu tölu og einnig merkt með orðinu „nafnmiði“ skal fylgja tillögunni. Í umslaginu skal vera miði með nafni, netfangi, heimilisfangi og símanúmeri höfundar og samstarfsmanna.
- Tillögum skal skila í flötum umbúðum, ósamanbrotnum. Umbúðirnar skal merkja með sömu auðkennistölu og umslagið. Geisladisk skal einnig merkja sömu auðkennistölu.
- Tillögum skal skila til skrifstofu Arkitektafélags Íslands, Engjateigi 9 í seinasta lagi 1. febrúar kl. 16:00. Við afhendingu fær keppandi kvittun merкта auðkennistölu tillögunnar. Trúnaðarmaður verður á staðnum frá kl. 14:00. Aðsendar tillögur skal senda til trúnaðarmanns, sjá lið 1.15 hér að framan. Kvittun pósts eða flutningsaðila skal koma til trúnaðarmanns í tölvupósti ekki síðar en á hádegi 2. febrúar og ekki verður tekið við aðsendum tillögum, sem berast síðar en 3. febrúar kl. 16:00.

- Ófrávíkjanlegt skilyrði þess að tillögu sé veitt viðtaka og hún dæmd er að henni sé skilað á réttum tíma og nafnleyndar sé gætt.

1.19 Úrslit

Þegar niðurstaða dómnefndar liggur fyrir verður nafnleynd rofin. Niðurstaðan verður kynnt keppendum og Þingvallanefnd auk þess sem hún verður birt í fjölmiðlum. Dómnefndin mun aðeins gefa skriflega umsögn um þær tillögur sem verðlaun hljóta.

1.20 Fullnaðarhönnun og þóknun

Gert er ráð fyrir því að samið verði við höfund þeirrar tillögu sem dómnefndin telur besta um hönnun á mannvirkinu. Hönnunin verður mótuð frekar í samvinnu við verkkaupa og framkvæmdin boðin út. Heildarþóknun með vsk. fyrir fullnaðarhönnun nemur 12% af áætluðum framkvæmdakostnaði með vsk. án eftirlitskostnaðar. Hönnun fer fram í samræmi við tímaáætlun verksins.

1.21 Kynning á netinu

Samkeppnin verður kynnt á heimasíðu Þjóðgarðsins og Arkitektafélags Íslands eftir að nafnleynd hefur verið rofin. Þar verða allar tillögur sem berast sýndar ásamt umsögn dómnefndar um þær tillögur sem verðlaun hljóta.

1.22 Varðveisla keppnistillagna

Hönnunarsafn Íslands mun fá allar samkeppnistillögur afhentar til varðveislu að sýningu lokinni. Eigendur tillagna munu hafa aðgang að þeim í samráði við starfsfólk safnsins.

1.23 Hagnýting keppnistillagna

Verkkaupi öðlast afnotarétt af öllum tillögum með þeim takmörkunum sem höfundalög setja. Verkkaupa er heimilt að kynna allar tillögur án sérstakrar greiðslu til höfunda.